

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 25. júní 2024

Mál nr. E-103/2023:

**Magnús Björn Brynjólfsson,  
Svava Þorsteinsdóttir  
Þorbjörn Brynjólfsson,  
Jón Brynjólfsson og  
Guðmundur Brynjólfsson**  
(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

**gegn**  
**Ágústi Sigurðssyni og til réttargæslu**  
(Guðjón Ármannsson lögmaður)  
**Veiðifélagi Blöndu og Svartár**  
(Konráð Jónsson lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta var höfðað 23. október 2023 og tekið til dóms 7. maí sl.

Stefnendur eru Magnús Björn Brynjólfsson, [...], Þorbjörn Brynjólfsson, [...], Jón Brynjólfsson, Einarsnesi 3, Reykjavík, Guðmundur Brynjólfsson, [...] og Svava Þorsteinsdóttir, [...].

Stefndi er Ágúst Sigurðsson, [...].

Veiðifélagi Blöndu og Svartár, Ennisbraut 5, Blönduósi er stefnt til réttargæslu.

Stefán Brynjólfsson var upphaflega meðal stefnenda málsins en hann lést eftir höfðun þess. Ekkja hans, Svava Þorsteinsdóttir, hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi og tekur hún í hans stað við aðild að málinu.

### Dómkröfur

Stefnendur krefjast þess að úrskurður um arðskrá fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár dagsett 19. apríl 2023, verði dæmur ógildur að þeim hluta er varðar Geitaskarð, F2138353, L145421 og Þorbrandsstaði, F2138372, L220874, Húnabyggð. Stefnendur krefjast málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi, Ágúst Sigurðsson, krefst sýknu af kröfum stefnanda og þess að stefnendur verði sameiginlega dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Réttargæslustefndi, veiðifélag Blöndu og Svartár gerir eingöngu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda.

## II

### *Atvik máls*

Á aðalfundi réttargæslustefnda sem haldinn var 30. apríl 2017 var samþykkt að vísa ósk eigenda tveggja jarða sem aðild eiga að veiðifélaginu til matsnefndar samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Mánuði síðar, 31. maí 2017, óskaði formaður veiðifélagsins eftir því að ný arðskrá yrði gerð fyrir veiðifélagið. Úrskurður matsnefndarinnar, sem stefnendur krefjast ógildingar á að hluta, lá fyrir 19. apríl 2023.

Stefnendur eru eigendur jarðarinnar Þorbrandsstaða í Langadal í Húnabyggð en landi jarðarinnar var skipt út úr landi Geitaskarðs með stofnskjali staðfestu af byggingafulltrúa Blönduóss 7. maí 2012. Fékk landið sérstakt númer og nafnið Þorbrandsstaðir. Jarðirnar Þorbrandsstaðir og Buðlunganes eru gömul býli og þeirra m.a. getið í máldögum og Jarðabók Ána Magnússonar og Páls Vídalíns. Óvíst er hvenær nákvæmlega þessar jarðir sameinuðust Geitaskarði en fyrir liggur að Þorbjörn Björnsson afsalaði Geitaskarði og eyðibýlunum Þorbrandsstöðum og Buðlunganesi að hálfu til tveggja sona sinna, Brynjólfs og Sigurðar, í lok árs 1946. Brynjólfur afsalaði hálfum hluta sínum (25%) í Geitaskarði og hálfum hluta sínum í Þorbrandsstöðum og Buðlunganesi til Sigurðar Þorbjörnssonar 15. september 1964. Sigurður Þorbjörnsson afsalaði síðan hinn 1. júní 1976 og 18. desember 1982 eignarhlut sínum (75%) í öllum jörðunum til stefnda Ágústs. Með síðara afsalinu varð stefndi eigandi að ¾ hlutum jarðarinnar í óskiptri sameign með föður stefnanda. Lands- og eignaskiptasamningur var gerður milli Brynjólfs Þorbjarnarsonar og stefnda Ágústs 18. desember 1982 þar sem m.a. var ákveðið að Þorbrandsstaðir og Buðlunganes væru innan eignarlands Brynjólfs sem hinn 18. desember 1983 afsalaði eignarhlut sínum í Geitaskarði og Þorbrandsstöðum og Buðlunganesi til sona sinna, stefnanda máls þessa og Sigurðar Kjartans sem síðar seldi bræðrum sínum sinni hlut. Frá árinu 1982 hefur stefndi búið á Geitaskarði.

Stefndi Ágúst krafðist eignarnáms á hlut stefnanda í Geitaskarði og títtnefndum jörðum en niðurstaða ráðuneytis landbúnaðar var sú að eignarnám var ekki heimilað á útskiptu landi samkvæmt nefndum samningi frá 18. desember 1982 og féllu jarðirnar Þorbrandsstaðir og Buðlunganes þar undir. Matsnefnd eignarnámsbóta úrskurðaði um

bætur í maí 2002 en í úrskurði nefndarinnar er tekið fram að nefndin líti svo á að heimild til innlausnar nái ekki til veiðiréttinda.

Í úrskurði matsnefndar frá 19. apríl 2023, sem hér er að hluta krafist ógildingar á, er 1000 einingum í arðskrá skipt á milli 78 jarða sem aðild eiga að veiðifélaginu eftir þeim sjónarmiðum sem nefndin lagði til grundvallar. Jörð stefnda, Geitaskarði, var úthlutað 12,3 einingum en engum einingum var úthlutað til Þorbrandsstaða, jarðar stefnenda.

Ágreiningur aðila fyrir matsnefndinni snérist um það hvort úthluta ætti arðskráreiningum til Geitaskarðs eingöngu eins og stefndi taldi rétt eða hvort einingum ætti einnig að úthluta til Þorbrandsstaða og Buðlungarness líkt og stefnendur töldu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að landbúnaður hafi verið stundaður á Geitaskarði a.m.k. frá árinu 1958 og af gögnum málsins mætti ráða að bæði fyrir og eftir landskiptin 1982 hefði landbúnaður verið stundaður á Geitaskarði og því hafi verið í gildi bann við því að aðskilja veiðirétt frá landareigninni þegar landi Þorbrandsstaða og Buðlungarness var skipt út, sbr. 4. mgr. 2. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði. Það var því niðurstaða nefndarinnar að allur veiðiréttur tilheyrði Geitaskarði.

### III

#### *Málsástæður stefnenda*

Stefnendur byggja á því að matsnefndin hafi ekki gætt að því að boða, með sannanlegum hætti, alla þinglýsta eigendur Þorbrandsstaða og Buðlungarness til fyrirtöku málsins, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Matsnefndinni hafi borið að boða, með sannanlegum hætti, alla þinglýsta eigendur jarðanna til matsfundar, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Nefndin hafi ekki boðað stefnandann Jón Brynjólfsson þegar málið var tekið fyrir. Af þeim sökum hafi honum ekki gefist kostur á að andmæla málalíbúnaði stefnda fyrir nefndinni. Þessi mistök nefndarinnar ein og sér leiði til þess að ógilda beri úrskurð nefndarinnar hvað aðila þessa máls varðar. Stefnendur byggja á því að stefnandinn Magnús Björn hafi aldrei haft umboð frá Jóni bróður sínum til að koma fram fyrir hans hönd gagnvart matsnefndinni. Formanni nefndarinnar hafi mátt vera þetta ljóst þar sem Magnús hafi lagt fram umboð, dagsett 18. október 2022 frá bræðrum sínum, Þorbirni, Stefáni og Guðmundi en ekki Jóni. Því hafi verið sérstök ástæða fyrir matsnefndina að gæta að réttri boðun eigenda og þá sérstaklega að boðun Jóns. Um aðildarskort sé því að ræða sem leiði til þess að Jón sé ekki bundinn við niðurstöðu úrskurðar matsnefndarinnar.

Stefnendur vísa til þess að stefndi hafi haldið því fram fyrir nefndinni að ágreiningur væri um landamerki Geitaskarðs og Þorbrandsstaða. Ljóst sé að ágreiningur sé um merki jarðanna sem m.a. megi ráða af endurriti sýslumannsins á Blönduósi frá 5. febrúar 2003 en þar komi fram að stefndi hafnaði samkomulagi um landamerki. Þrátt fyrir þetta hafi nefndin ekki tekið afstöðu til þessa í úrskurði sínum. Nefndinni hafi verið skylt, á matsfundi, að afla upplýsinga um landamerki og taka afstöðu til þess hvort ágreiningur væri um merki jarðanna. Með því að gera þetta ekki hafi nefndin brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. laga nr. 37/1993.

Stefnendur halda því fram að á meðan ágreiningur er um landamerki hafi nefndin ekki getað komist að niðurstöðu um eignarrétt aðila að hlunnindum sem miðast við viðurkennd landamerki. Matsnefndinni hafi því borið að vísa kröfu stefnda frá nefndinni og miða við eldra yfirmat arðskrár veiðifélagsins frá 2005. Óljós landamerki hafi leitt til þess að nefndin gat ekki tekið afstöðu til þess hvernig bar að úthluta arði fyrir jarðirnar og því hafi hún átt að fresta ákvörðun sinni eða vísa kröfum stefnda frá nefndinni. Þetta varði ógildingu úrskurðar matsnefndarinnar sbr. lög nr. 61/2006 og hann sé því ógildur varðandi aðila málsins og á honum verði ekki byggt fyrr en ágreiningur um merki jarðanna hefur verið til lykta leiddur.

Stefnendur byggja einnig á því að þeir hafi haft réttmætar væntingar til að njóta stjórnarskrárvarinnar eignarréttinda sinna sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Óheimilt hafi verið að ógilda úrskurð landbúnaðarráðherra frá 2001, úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta frá 2002 og úrskurð yfirmats um veiðiarð frá 2005 og með því afmá eignarréttindi stefnenda úr arðskrá veiðifélagsis. Nefndin hafi ekki haft vald til að afmá réttindin með afturvirkum hætti líkt og hún gerði. Ákvörðun nefndarinnar hafi verið tekin af geðþótta og brotið gegn grunnreglu um bann við afturvirkni laga og réttarskiðferði sem leitt hafi til tjóns fyrir stefnendur. Með því að fella niður áður fengin réttindi með tilvísun í nýrri og víðtækari ákvæði 9. gr. laga nr. 61/2006, sem gangi lengra en eldri lög um sama efni, brjóti gegn réttmætum væntingum stefnenda til þess að njóta þeirra réttinda sem jörð þeirra fylgir. Í málinu hafi gilt grunnreglan um bann við afturvirkni, þ.e. að óheimilt sé að beita nýrri reglu til tjóns eða óhagræðis um eldra réttarsamband sem orðið hafi til með úrskurði ráðherra frá 2001 en hann sé eldri en lög nr. 61/2006. Nefndin hafi því með afturvirkum hætti skert eignarréttindi stefnenda sem fari í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar en slíkt sé óheimilt.

Af hálfu stefnenda er einnig vísað til þess að úrskurður matsnefndarinnar sé efnislegar rangur og ófullnægjandi. Þar hafi ekki verið tekin afstaða til málsástæðna sem fram komi í greinargerð eigenda Þorbrandsstaða. Í greinargerðinni hafi verið vikið að því að í úrskurði yfirmatsnefndar fyrir veiðifélagið frá árinu 2005 komi fram að annar meirihlutaeigandinn hafi samþykkt hið nýja arðskrármat á útskiptum hluta í viðurvist beggja undirmatsmanna. Afturköllun á því samþykki komi ekki til greina og sé harðlega mótmælt. Yfirlýsingin sem gefin var á sínum tíma af stefnda Ágústi haldi gildi sínu hvað sem síðari tíma kröfulýsingar segi. Stefndi hafi því gefið skuldbindandi yfirlýsingu auk þess sem hann hafi á árinu 2003 skriflega lýst því að hann gerði ekki athugasemdir við að hluti Brynjólfssonar yrði metinn sérstaklega.

Stefnendur benda á að í 8. gr. jarðalaga nr. 81/2004 komi fram að hlunnindi sem fylgja jörð séu eign jarðareiganda, nema undantekningar séu gerðar með lögum. Óheimilt sé að skerða hlunnindi frá jörð nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum. Í eldri skilgreiningu hlunninda í jarðalögum hafi komið fram að hlunnindi merki hvers konar auðlindir, nytjar aðrar en grasnytjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.

Stefnendur byggja einnig á því að ráðherra hafi hafnað eiganda Geitaskarðs eignarnámi á landi Þorbrandsstaða og Buðlunganess. Í úrskurði ráðherra segi: „Hafnað er innlausn á hinu útskipta landi sem fjallað er um í lands- og eignaskiptasamning frá 18.12.1982. Nánar er fjallað um afmörkun landsins hér að ofan (þ.e. að útskipti hlutinn hafi aðra stöðu heldur en það land sem enn er í sameign) Buðlungatjörn verður áfram í sameign aðila, sbr. lands- og eignaskiptasamning frá 18.12. 1982. Hins vegar er heimiluð innlausn á sameignarhluta í íbúðarhús og útihúsum. Eins er heimiluð innlausn á sameignarlandi sem fellur utan hins útskipta hluta.“ Ráðherra hafi því heimilað eignarnám á óskiptu landi Geitaskarðs og um leið veiðirétti sem tilheyrði þeirri sameign. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi á árinu 2002 hafnað eignarnámi veiðiréttar á séreignarlandi stefnenda en í úrskurði nefndarinnar segi að ákvörðun ráðherra „hafi verið tekin af valdbæru stjórnvaldi og sé matsnefnd eignarnámsbóta ekki bær til að endurskoða hana sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 11/1973.“ Stefnendur benda á að Þorbrandsstaðir og Buðlunganes eigi verulegt land að Blöndu og samanlögð bakkalengd að ánni sé um 1 km. Vísa þeir til þeirrar fornu meginreglu að veiðiréttur fylgi landi sem nemur bakkalengd þess.

Stefnendur halda því fram að matsnefndin hafi farið út fyrir valdsvið sitt og brotið gegn lögvörðum eignarrétti þeirra en það sé á valdsviði dómstóla að skera úr um

eignarrétt þeirra. Í lögum um lax- og silungsveiði sé ekki að finna heimild matsnefndar til að fella niður lögmætan veiðirétt og arð, sem yfirmatsnefnd arðskrár Blöndu og Svartár hafði úrskurðað um árið 2005. Matsnefndin hafi ekki með formlegum hætti felld úrskurð yfirmatsnefndar úr gildi og því haldi sá úrskurður gildi sínu. Matsnefndin hafi einungis haft það hlutverk að endurmeta punkta skv. arðskránni en það hafi ekki verið í hennar verkahring að afnema og svipta eigendur eignarrétti að veiðirétti og veiðihlunnindum sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006.

Stefnendur vísa til þess að matsnefnd um arðskrá skv. lögum nr. 61/2006 sé stjórnvald. Nefndin hafi viðhaft óvönduð vinnubrögð með því að halda ekki löglega matsfundi, rita ekki fundargerð og látið aðila mæta í sitt hvoru lagi á matsfund þar sem gengið var á vettvang, þrátt fyrir ágreining um landamerki. Þá hafi ekki verið gætt að því að allir matsmenn mættu á fund 11. október 2022. Ekki hafi verið gengið á merki eins og talsmaður stefnenda óskaði eftir en stefndi hafi ekki mætt á matsfundinn. Matsfundur þessi hafi því verið ólöglegur. Matsnefndin hafi brotið gegn rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stefnendum þykir undarlegt að matsnefndin staðhæfi í úrskurði sínum að í úrskurði um eignarnámsbætur frá 2001 hafi því ekki verið svarað hvort hinum útskipta hluta hafi fylgt veiðiréttur eða ekki. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi í úrskurðinum sagt að heimild til innlausnar tæki ekki til veiðiréttinda í Blöndu og Svartá, heldur einungis til þeirra hlunninda sem liggja á og fyrir hinum óskipta og innleysta hluta jarðarinnar, þ.e. því sameignarlandi sem lá að Blöndu. Telja stefnendur ekki unnt að skilja þetta með öðrum hætti en svo að veiðaréttindi fylgi útskiptu séreignarlandi þeirra. Matsnefndin hafi hins vegar snúið þessu við og haldi gagnstæðu fram á grundvelli „orðanna hljóðan“. Andmæla stefnendur þessu sérstaklega og halda því fram að réttindin hafi ekki verið metin til verðs af matsnefnd eignarnámsbóta þar sem úrskurður ráðherra um séreignaraðild þeirra hafi ekki tekið til þeirra réttinda og þess lands sem réttindin byggðu á. Veiðiréttindin fylgi eignarrétti að séreignarlandinu. Stefnendur halda því fram að matsnefndin hafi ekki, frekar en matsnefnd eignarnámsbóta verið bær til að endurskoða ákvörðun ráðherra.

Stefnendur mótmæla harðlega eftirfarandi fullyrðingu matsnefndarinnar: „Landinu var skipt út úr lögbýlinu Geitaskarði, en við þau skipti stóðu lög gegn því að veiðiréttur gæti fylgt með við landskiptin eins og að þeim var staðið.“ Telja stefnendur þessi sjónarmið ómálefnaleg og órökstudd. Nefndin telji sig hafna yfir úrskurð ráðherra frá 2001 og þá sniðgangi hún úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta frá 2002 og úrskurð

yfirmatsnefndar um arðskrá frá 2005. Á þessum tíma hafi verið í gildi nógildandi lög um vatnsréttindi frá 1923, lög um landskipti frá 1941 og 4. gr. laga um lax- og silungsveiði frá 1976 sem sé sambærileg 9. gr. nógildandi laga þó þannig að 4. gr. eldri laga gengur ekki jafn langt. Í úrskurði sínum hafi matsnefndin gengið út fyrir valdsvið sitt með því að afnema eignarrétt stefnenda og komist að rangri niðurstöðu og um leið staðhæft að fyrri nefndir hafi komist að rangri niðurstöðu í úrskurðum sínum frá 2002 og 2005. Stefnendur byggja á því að úrskurður ráðherra frá 2001 sé frá herra settu stjórnvaldi en hinir úrskurðirnir frá hliðsettu stjórnvaldi. Matsnefndin hafi ekki haft vald til að kollvarpa úrskurði ráðherra né hliðsettra stjórnvalda líkt og hún gerði.

Stefnendur segja ljóst að Þorbrandsstaðir sé landareign í skilningi 1. gr. vatnalaga enda stofnskjal fyrir jörðina samþykkt af þar til bærum yfirvöldum. Að sama skapi sé ljóst að jörðin sé eignarland og teljist fasteign í skilningi laga um lax- og silungsveiði. Þá telja stefnendur að fyrir liggi að hefðbundinn landbúnaður hafi verið stundaður á Þorbrandsstöðum en tún jarðarinnar hafi verið nýtt frá árinu 2008. Veiðiréttur sé því tengdur fasteigninni sbr. 9. gr. laga nr. 61/2006 en þetta hafi matsnefndin ekki rannsakað eða fjallað um í úrskurði sínum. Matsnefndin hafi ekki kannað á nokkurn hátt hvort kostir Geitaskarðs til landbúnaðar hafi verið skertir með því að arðgreiðslur féllu ekki í hlut jarðarinnar en að mati stefnenda er ljóst að arðgreiðslur skipti litlu fyrir búskap jarðarinnar.

Stefnendur halda því fram að ekki hafi verið stundaður hefðbundinn landbúnaður á Geitaskarði þegar ráðherra úrskurðaði um landskiptin 2001 en þar hafi eignarnámi stefnanda verið hafnað m.a. á þeirri forsendu að hann stundaði ekki hefðbundinn landbúnað. Fyrir liggi að greiðslumark í mjólk hafi síðast verið skráð á jörðina 1997 og greiðslumark fyrir sauðfé 2008. Enginn búskapur sé á jörðinni í dag en þar sé rekin ferðaþjónusta og hestaleiga fyrir ferðamenn. Stefnendur telja búskaparregluna höfuðatriði við mat á því hvor aðskilnaðarbann sem í gildi var á árunum 1923 til 2006 eigi við. Geitaskarð hafi ekki verið landareign í merkingu lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970 og sé það ekki í dag í skilningi laga nr. 61/2006. Aðskilnaðarbann hafi verið skilgreint of víðtækt sbr. dóma sem gengið hafa á undanförunum árum. Lög nr. 61/2006 megi og geti ekki virkað með afturvirkum hætti í máli þessu.

#### IV

##### *Helstu málsástæður stefnda*

Stefndi byggir á því að úrskurður matsnefndarinnar sé hvorki haldinn form- né efnisannmörkum að lögum og því ekki ógildanlegur. Í stefnu sé gerður ágreiningur um

fjölmörg atriði sem öll séu smávægileg og langsótt, og geti því ekki leitt til ógildingar úrskurðarins.

Stefndi heldur því fram að úrskurðurinn sé í samræmi við lög og byggður á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum og þá hafi nefndin tekið tillit til þeirra gagna sem lögð voru fyrir hana. Vald dómstóla til að endurskoða ákvarðanir stjórnvalda snúist fyrst og fremst að því að meta hvort stjórnvald hafi gætt réttra reglna um málsmeðferð, hvort lögmæt sjónarmið liggi að baki ákvörðun og hvort form ákvörðunar sé lögmætt. Þetta gildi um matsnefndina í máli þessu enda sé hún sjálfstæð stjórnvæðing. Stefnendur verði því að sýna fram á að ólögmæt eða ómálefnaleg sjónarmið búi að baki arðskrármatinu eða annmarka á málsmeðferð nefndarinnar en það hafi þeim ekki tekist.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að dómstólar hafi ekki hróflað við arðskrármati nema í undantekningartilfellum. Ástæðan sé sú að arðskrármat sé flókið og sérfræðilegt og byggji á mörgum matskenndum þáttum. Því hafi matsnefndin umtalsvert sviðgrúm til að komast að niðurstöðu um skiptingu veiði og dómstólar ekki bærir til að endurskoða efnislegt mat nefndarinnar, að því gættu að það sé innan marka laga. Dómstólar geti því ekki ákvarðað hvaða niðurstöðu matsnefndin átti að komast að um þann hluta af veiði eða arði af henni sem átti að koma í hlut hvernar fasteignar eða mat nefndarinnar á því hvort veiðiréttur fylgdi Þorbrandsstöðum eða ekki. Í þessu sambandi vísar stefndi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 88/2009.

Stefndi byggir á því að matsnefndin hafi réttilega komist að þeirri niðurstöðu að Þorbrandsstaðir geti ekki átt veiðirétt í Blöndu eftir landskiptin 1982. Úrskurðurinn hafi því ekki brotið gegn eignarrétti stefnenda. Með lands- og eignaskiptasamningi 18. desember 1982 hafi fjórðungi af heimalandi Geitaskarðs verið skipt út úr jörðinni. Útskipti hlutinn, sem var nyrst í heimalandi Geitaskarðs og nefnist Þorbrandsstaðir og Buðlunganes, varð að sjálfstæðri jörð sem síðar varð eign stefnenda. Þegar landskiptin áttu sér stað voru í gildi ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sem mælti fyrir um bann við aðskilnaði veiðiréttar frá landareign og var það bann óundanþægt þ.e. óheimilt var að skilja veiðirétt varanlega frá landareign. Ráðherra gat því ekki veitt undanþágu frá banninu líkt og nú er heimilt skv. 9. gr. laga nr. 61/2006 auk þess sem samþykki ráðherra lá ekki fyrir árið 1982.

Stefndi bendir á að dómstólar hafi lagt til grundvallar að hugtakið landareign í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga 76/1970 verði að skýra með sama hætti og það var skýrt í eldri vatnalögum nr. 15/1923, þ.e. sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Dómaframkvæmd sé afdráttarlaus um, að þegar

lagt er mat á land lögbýlis í skilningi hugtaksins landareign skuli miðað við hvort búskapur hafi verið stundaður á jörðinni þegar veiðiréttindi voru skilin frá henni. Hafi búskapur verið stundaður, þá var aðskilnaður veiðiréttar óheimill og að vettugi virðandi. Skipti þá engu þótt um slíkan aðskilnað hafi verið mælt í afsali og afsalshafi eigandi að landi að bakka ár eða stöðuvatns. Bann við aðskilnaði veiðiréttar frá jörð hafi því í raun virkað þannig að þó öllu landi jarðar að bakka væri afsalað og aðskilið frá jörðinni fylgdi veiðiréttur engu að síður upphaflegri jörð. Um þetta vísar stefndi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 530/2015. Þar hafi rétturinn litið svo á að ákvæði í kaupsamningi um veiðirétt væri ólöglegt og veiðiréttur sem mælt var fyrir um í samningnum ekki stofnast. Sömu sjónarmið komi síðan fram í dómi réttarins í máli nr. 471/2015. Aðskilnaðarbann feli því í sér undantekningu frá bakkareglunni sem nú megi finna í 5. gr. laga nr. 61/2006.

Stefndi heldur því fram að óumdeilt sé að landbúnaður hafi verið stundaður á Geitaskarði 1982 og vísar til umsagnar Bændasamtaka Íslands varðandi innlausnarbeiðni stefnda en þar komi fram að stefndi ætti  $\frac{3}{4}$  hluta jarðarinnar og hafi þar rekið búskap allt frá 1975. Þá sé jörðin skráð lögbýli í lögbýlaskrá frá 1958 til 1991. Landbúnaður hafi því verið stundaður á Geitaskarði fyrir og eftir landskiptin 1982. Stefnendur hafi hins vegar ekki fært fram nein rök fyrir því að Geitaskarð hafi ekki talist landareign í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 árið 1982 þegar Þorbrandsstöðum var skipt út og jörðin gerð að sjálfstæðri fasteign.

Stefndi byggir á því að horfa verði til þess að Þorbrandsstaðir og Buðlunganes voru ekki sjálfstæðar jarðir eða landareignir fyrir landskiptin 1982, heldur hluti Geitaskarðs. Jarðirnar hafi því ekki verið lögbýli þegar vatnalög nr. 15/1923 tóku gildi. Þær hafi verið hjáleigur sem lagðar voru undir Geitaskarð nokkru fyrir gildistöku vatnalaga en Þorbrandsstaðir hafi farið í eyði 1912 og þá verið lagðir undir Geitaskarð en á Buðlunganesi hafi ekki verið búið frá því um miðja 17. öld. Hvorug jarðanna hafi því verið sjálfstæð landareign við gildistöku vatnalaga allt þar til þeim var skipt út úr Geitaskarði 1982. Þá liggi fyrir að jarðirnar hafa aldrei verið skráðar í lögbýlaskrá og þar hafi ekki verið stundaður landbúnaður frá því að þær fóru í eyði. Veiðiréttur í Blöndu hafi því alltaf tilheyrt Geitaskarði. Hvað þetta varðar vísar stefndi til þess að stefnendur fóru fram á það, í júní 2002, að jörðin Þorbrandsstaðir og Buðlunganes yrði stofnuð í landskrá fasteigna, þ.e. að gert yrði stofnskjal um fasteignina. Þá hafi ekki verið föst búseta eða landbúnaður stundaður á Þorbrandsstöðum frá útskiptingu.

Stefndi byggir á því að þegar landskiptin fóru fram 1982 hafi ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970 staðið í vegi fyrir því að unnt væri að skilja veiðirétt frá Geitaskarði

og láta hann fylgja útskiptu landi en í lands- og eignarskiptasamningnum sé ekki vikið að því að veiðiréttur hafi átt að fylgja útskipta hlutanum enda slíkt í andstöðu við lög. Veiðirétturinn hafi því áfram fylgt Geitaskarði.

Að mati stefnanda þurfti matsnefndin að kanna hvort veiðiréttur hafi fylgt Þorbrandsstöðum við skiptinguna 1982. Nefndin hafi því kannað hvort Geitaskarð taldist landareign í skilningi þágildandi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, hvar bann var lagt við aðskilnaði veiðiréttar frá jörð. Nefndin hafi réttilega komist að þeirri niðurstöðu að landbúnaður hafi verið stundaður á Geitaskarði og jörðin því landareign í skilningi laganna. Nefndi hafi því réttilega, komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt hafi verið að skilja veiðiréttinn frá Geitaskarði og í framhaldi af því afmáð Þorbrandsstaði úr arðskrá Veiðifélags Blöndu og Svartár. Stefndi heldur því fram að engin rök standi til þess að líta svo á að niðurstaða matsnefndarinnar hafi verið röng eða andstæð lögum að því er varðar jarðir aðila málsins.

Stefndi heldur því fram að málsmeðferð nefndarinnar hafi verið fullnægjandi og í samræmi við lög. Hann hafnar öllum málsástæðum stefnenda í þá veru að matsnefndin hafi ekki gætt réttra reglna við málsmeðferðina.

Stefndi bendir á að réttargæslustefndi hafi, að beiðni nefndarinnar, sent öllum veiðiréttarhöfum í félaginu formlega boðun til fyrirtöku málsins fyrir nefndinni og málið síðan tekið fyrir í samræmi við boðunina. Erindi matsnefndarinnar, dagsett 3. maí 2022, hafi verið sent öllum veiðiréttarhöfum innan félagsins en þar hafi nefndin óskað eftir gögnum og upplýsingum sem máli kynnu að skipta við gerð nýs arðskrársmats fyrir félagið. Öllum veiðiréttarhöfum hafi því verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og skila nefndinni greinargerð eða öðrum gögnum. Ef upp komu álitæfni annað hvort í fyrirtöku eða innsendum erindum hafi þeim veiðiréttarhöfum sem málið varðaði verið sent bréf, dagsett 15. september 2022, og þeim gefinn kostur á að koma að frekari sjónarmiðum og gögnum auk þess sem þeim hafi verið kynntar framkomnar greinargerðir og gögn annarra veiðiréttarhafa sem vörðuðu þeirra hagsmuni. Matsnefndin hafi sent stefnandanum Magnúsi Birni sérstakt erindi þar sem þinglýstum eigendum Þorbrandsstaða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu og gögnum og svara því sem fram kom í erindi stefnda. Þá hafi verið farin vettvangsferð í október 2022. Telur stefndi því að matsnefndin hafi rannsakað málið til hlítar áður en hún kvað upp úrskurð sinn og þá hafi nefndin veitt öllum veiðiréttarhöfum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Stefnendur hafi skilað nefndinni greinargerð, dagsett 20. október 2022, ásamt fjölda fylgiskjala og þá hafi nefndinni borist

athugasemdir og andmæli stefnenda frá 14. desember 2022. Til þessa hafi nefndin tekið tillit við arðskrámatið líkt og fram kemur í úrskurði nefndarinnar.

Stefndi hafnar þeirri fullyrðingu stefnenda að ekki hafi verið gætt að því að senda öllum skráðum og þinglýstum eigendum Þorbrandsstaða og Buðlunganess boðun um fyrirtöku máls með ábyrgðarbréfi eða öðrum tryggilegum hætti samkvæmt 56. gr. laga nr. 61/2006. Vísar stefndi til þess að í úrskurði nefndarinnar komi fram að að hennar beiðni hafi réttargæslustefndi sent öllum veiðiréttarhöfum í félaginu formlega boðun til fyrirtöku málsins og það hafi verið gert í samræmi við 2. másl. 1. mgr. 46. gr. laganna. Þá hafi nefndin sent stefnandanum Magnúsi póst 15. september 2022 þar sem þess sé m.a. sérstaklega óskað að hann kynnti erindi stefnda fyrir öðrum þinglýstum eigendum jarðarinnar og telur stefndi að ætla megi að það hafi hann gert. Ætla verði að stefnandinn Jón hafi fengið upplýsingar um fyrirtöku málsins og meðferð þess frá bræðrum sínum og hann því getað komið athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. Hann hafi hins vegar kosið að láta málið ekki til sín taka auk þess sem aðkoma hans að málinu hefði engu breytt varðandi niðurstöðu matsnefndarinnar.

Að mati stefnda skipti ágreiningur hans og stefnenda um landamerki engu fyrir matsnefndina þar sem ágreiningurinn snúi að skiptingu arðs af veiði. Nefndin hafi fyrst þurft að skera úr um það hvort veiðiréttur fylgdi Þorbrandsstöðum, lögum samkvæmt þegar landinu var skipt út úr Geitaskarði. Að fenginni þeirri niðurstöðu að veiðiréttur fylgdi ekki landi stefnanda skipti engu hvar merki jarðanna liggja. Telur stefndi því að nefndin hafi nægilega gætt að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við meðferð málsins. Stefndi telur ljóst að málsmeðferð fyrir matsnefndinni hafi verið fullnægjandi að öllu leyti og stefnendur engin haldbær rök fært fram um annað.

Stefndi hafnar því að úrskurður matsnefndarinnar hafi falið í sér afturvirka eignaskerðingu fyrir stefnendur. Nefndin hafi komist að niðurstöðu sinni með vísan til 4. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 sem voru í gildi við landskiptin 1982. Nefndin hafi að öllu leyti byggt úrskurð sinn á ákvæðum laga og úrskurðinn hafi ekki falið í sér skerðingu á veiðaréttindum stefnenda, enda hafi þeir aldrei átt slík réttindi. Stefndi heldur því fram að matsnefndin hafi ekki, líkt og stefnendur halda fram, ógilt úrskurð landbúnaðarráðherra frá 2001, úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta frá 2002 og yfirmat um arðskrá Veiðifélags Blöndu og Svartár frá 2005. Fyrstu tveir úrskurðirnir hafi fjallað um önnur álitamál en skiptingu arðs af veiði og því ekki haft þýðingu fyrir ágreining aðila fyrir matsnefndinni. Matsnefndin hafi ekki verið bundin af fyrri

úrlausnum þar sem henni hafi borið að ákveða þann hluta af veiði sem koma skyldi í hlut hvers veiðiréttarhafa í samræmi við lög og gildar eignarheimildir.

Stefndi vísar jafnframt til þess að matsnefnd eignarnámsbóta hafi ekki í úrskurði sínum, 9. maí 2002, tekið afstöðu til þess hvort aðilar þessa máls ættu veiðirétt í Blöndu eða Svartá og því geti stefnendur ekki byggt rétt sinn á þeim úrskurði. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi það hlutverk að skera úr ágreiningi um bætur fyrir eignarnám og annað endurgjald, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 11/1973. Nefndin hafi litið svo á að heimiluð innlausn hafi tekið til eignarhluta eigenda Þorbrandsstaða í Geitaskarði, útihúsum og íbúðarhúsi jarðarinnar en ekki veiðiréttinda. Af þessum sökum sé ekkert fjallað um mat á veiðirétti í úrskurðinum. Matsnefnd eignarnámsbóta hafi ekki svarað þeirri spurningu hvort veiðiréttur hafi fylgt útskiptu landi við landskiptin 1982 eða hvort lög hafi heimilað að slík réttindi gætu fylgt enda hafi það ekki verið hlutverk nefndarinnar að leysa úr þeim ágreiningi. Þá liggi fyrir að matsnefnd eignarnámsbóta hafi ekki vald til að leysa með bindandi hætti úr ágreiningi um eignarhald á veiðirétti.

Stefndi byggir á því að álit yfirmatsmanna frá 2005 í þá veru að útskiptum jarðarhluta, Þorbrandsstöðum, tilheyri fjórðungur veiðiréttar Geitaskarðs, sé ekki bindandi viðurkenning á veiðirétti stefnenda enda hafi það álit verið andstætt lögum. Yfirmatsmenn hafi ekki getað fært veiðiréttindi frá stefnda til stefnenda enda hafi þau réttindi tilheyrt Geitaskarði fyrir og eftir landskiptin. Með úrskurði þeim sem hér er krafist ógildingar á, hafi matsnefndin fært skiptingu arðs af veiði í rétt horf. Þá liggi fyrir að matsnefndin hafi ekki verið bundin af úrskurði yfirmatsnefndarinnar enda sé beinlínis gert ráð fyrri því í 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 að arðskrá verði endurskoðuð að átta árum liðnum frá gildistöku hennar. Við endurskoðun á arðskrá séu nýjar upplýsingar teknar til skoðunar og lagðar til grundvallar nýju mati. Í þessu tilfelli hafi matsnefndinni borið skylda til að komast að niðurstöðu í samræmi við lög og augljóst að matsnefndin hafi ekki verið bundin af niðurstöðu yfirmatsins frá 2005.

Stefndi andmælir því að eigendur Geitaskarðs hafi samþykkt arðskrármatið frá 2005 hvað varðar Þorbrandsstaði og Buðlunganes og að yfirlýsing þess efnis sé bindandi fyrir hann. Stefnendur hafi vísað til þess að stefndi hafi lýst því yfir að hann gerði ekki athugasemdir við að jarðahluti stefnenda yrði metinn sérstaklega. Þessa yfirlýsingu sé ekki unnt að skilja á þann veg að stefndi viðurkenni að landi stefnenda fylgi veiðiréttur í Blöndu. Þá verði ekki framhjá því horft að samþykki, sem gefið er gegn fyrirmælum laga, geti ekki haft gildi við arðskrármat.

Stefndi vekur athygli á því að vera kunnir að ástæða sé til að vísa málinu frá dómi án kröfu vegna skyldubundinnar samaðildar, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991. Arðskrá fyrir Veidifélag Blöndu og Svartár sé gerð fyrir allar jarðir sem aðild eiga að félaginu og einingar hverrar jarðar í arðskrá ávallt ákveðnar í samhengi við einingar annarra jarða.

## V

### *Niðurstaða*

Ágreiningur máls þessa snýst um það hvort Þorbrandsstöðum og Buðlunganesi fylgi veiðiréttur í Blöndu eða hvort veiðirétturinn fyrir landi þeirra jarða tilheyrir Geitaskarði líkt og matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006 taldi í úrskurði sínum 19. apríl 2023.

Af hálfu stefnenda er m.a. á því byggt að ógilda beri úrskurð matsnefndarinnar að hluta af þeim sökum að einum stefnenda, Jóni Brynjólfssyni, hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni.

Ákvæði um boðun um fyrirtöku máls hjá matsnefnd er að finna í 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006 en þar segir að matsnefnd skuli ákveða fyrirtöku máls með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegri tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varða, í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd getur þess í stað óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrir fram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku máls í Lögbirtingablaði.

Í úrskurði matsnefndarinnar er tekið fram að réttargæslustefndi hafi, að beiðni nefndarinnar, sent öllum veiðiréttarhöfum í félaginu formlega boðun til fyrirtöku málsins með matsnefndinni líkt og 1. mgr. 46. gr. laga 61/2006 heimilar. Upplýsingar um það hverjum félagið sendi boðun eða með hvaða hætti boðun var send liggja ekki fyrir í málinu. Hins vegar liggur fyrir að nefndin leit svo á að stefnandinn Jón Brynjólfsson hafi ekki látið málið til sín taka. Með bréfi dagsettu 15. september 2022 óskaði nefndin eftir gögnum og upplýsingum frá stefnandanum Magnúsi Brynjólfssyni. Í bréfinu er tekið fram að bréfið sé einungis sent honum vegna Þorbrandsstaða og Buðlunganess og hann beðinn um að kynna það fyrir öðrum þinglýstum eigendum.

Að mati dómsins var fullt tilefni fyrir stefnda og eftir atvikum réttargæslustefnda að bregðast við þeirri málsástæðu stefnenda að Jóni Brynjólfssyni hafi ekki verið gefinn kostur á því að gæta hagsmuna sinna, t.d. með því að afla gagna um það með hvaða hætti boðun var send honum. Þetta gerði stefndi ekki og liggur ekkert fyrir um það í málinu að

honum hafi verið tilkynnt með ábyrgðarbréfi eða öðrum tryggilegum hætti að til stæði að taka málið fyrir hjá nefndinni. Þá verður ekki séð að tilkynning um fyrirtöku máls hafi verið birt í Lögbirtingablaði. Ósk nefndarinnar í þá veru að stefnandinn Magnús Brynjólfsson kynnti erindi nefndarinnar öðrum þinglýstum eigendum Þorbrandsstaða og Buðlunganess kemur ekki í stað tilkynningar um meðferð máls en ekkert liggur fyrir um það hvort Magnús varð við ósk nefndarinnar. Er því ósannað að stefnandanum Jóni Brynjólfssyni hafi verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Er þetta brot gegn andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Áhrif brota á andmælareglu stjórnsýsluréttar eru mismunandi en stundum hafa dómstólar notað sérstakan mælikvarða þ.e. að brot á andmælareglunni leiði aðeins til ógildingar að það hafi leitt til rangrar efnislegrar niðurstöðu í viðkomandi máli. Í máli þessu liggur fyrir að af hálfu stefnenda er byggt á sömu sjónarmiðum og málsástæðum og þeir, aðrir en Jón, byggðu á fyrir matsnefndinni. Í ljósi þess að engar nýjar málsástæður eru fram komnar og engin ný sjónarmið reifuð eru ekki efni til að ætla annað en að niðurstaða nefndarinnar hefði orðið sú sama þótt Jóni hefði verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna. Að mati dómsins eru því ekki efni til að ógilda úrskurð nefndarinnar líkt og stefnendur krefjast þrátt fyrir framangreindan annmarka á málsmeðferðinni.

Stefndi vék að því í greinagerð sinni að vera kunni að ástæða sé til að vísa málinu frá dómi án kröfu með vísan til skorts á samaðild. Að mati dómsins er unnt að fella efnisdóm á málið án aðkomu annarra sem aðild eiga að veiðifélaginu enda ljóst að ef fallist verður á kröfur stefnenda mun það eingöngu hafa áhrif á einingar sem matsnefndin úthlutaði Geitaskarði sem þá myndu skiptast milli jarða aðila.

Í úrskurði matsnefndarinnar er skilmerkilega rökstutt hvers vegna nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að allur veiðiréttur fyrir landi Geitaskarðs, Þorbrandsstaða og Buðlunganess tilheyri Geitaskarði. Er þar aðallega byggt á því að samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 hafi verið í gildi bann við því að veiðiréttur væri skilinn frá lögbýli þegar landi Geitaskarðs var skipt með lands- og eignaskiptagerð 18. desember 1982. Veiðiréttur hafi því aldrei fylgt útskiptum hluta sem nú er í eigu stefnenda.

Óumdeilt er að ekki hefur verið búið á Þorbrandsstöðum í meira en 100 ár og þá fór Buðlunganes í eyði á miðri 17. öld. Ekkert bendir til annars en báðar jarðirnar hafi tilheyrt Geitaskarði við lands- og eignaskiptin enda er í samningnum eingöngu talað um skiptingu heimalands Geitaskarðs og þannig ljóst að við þau skipti litu eigendur

Geitaskarðs svo á að Þorbrandsstaðir og Buðlunganes væru hluti Geitaskarðs. Sama kemur fram í afsali Brynjólfs Þorbjarnarsonar þegar hann afsalar eignarhlut sínum í jörðinni Geitaskarði til stefnenda. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 279/2000 þar sem dæmt var um sölu greiðslumarks frá Geitaskarði og aðilar að því máli að mestu þeir sömu og í máli þessu segir: „Fallast ber á það með héraðsdómi, að lands- og eignaskiptasamningurinn frá 18. desember 1982 taki einungis til heimalands jarðarinnar Geitaskarðs ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni voru. Ljósrit úr fasteignabók ber með sér, að jörðin sé enn í sameign, og eru gagnáfrýjendur ásamt bræðrum sínum þinglýstir eigendur að fjórðungi jarðarinnar. Eignarhluti gagnáfrýjenda er því hluti af lögbylinu Geitaskarði“. Loks má horfa til þess að á árinu 2012 var stofnuð lóð úr landi Geitaskarðs sem fékk sérstakt landnúmer og nafnið Þorbrandsstaðir. Með vísan til þess verður að miða við að veiðiréttur sem á einhverjum tíma fylgdi hinum fornu jörðum hafi lengi, líkt og land þeirra, tilheyrt Geitaskarði.

Þegar títtnefnd land- og eignaskipti fóru fram 1982 var stundaður hefðbundinn landbúnaður á Geitaskarði en engin mannvirki fylgdu hinum útskipta hluta og þar hefur ekki verið stundaður hefðbundinn búskapur frá því að jarðirnar sem áður voru þar fóru í eyði, utan þess að tún sem þar eru hafa verið nytjuð hin síðari ár. Geitaskarð var landareign í skilningi 4. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði sem giltu á þessum tíma. Hugtakið landareign hefur verið skilgreint með sama hætti og það var skýrt í vatnalögum nr. 15/1923, þ.e. land lögbylis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Í 4. gr. laganna er lagt bann við því að veiðiréttur verði skilinn frá landareign. Dómstólar hafa margoft dæmt um veiðirétt fyrir landi og má í því sambandi sérstaklega nefnda dóm Hæstaréttar í máli nr. 530/2015 en í dóminum kemur fram að þegar spildu úr landi ákveðinnar jarðar var afsalað árið 1928 hafi búrekstur verið stundaður á jörðinni og hún því talin landareign í skilning vatnalaga nr. 15/1923. Taldi rétturinn að ákvæði í kaupsamningi um afsal veiðiréttar hafi ekki stofnast sá veiðiréttur sem hann kvað á um. Ekkert bendir til annars en að sömu sjónarmið eigi við í máli þessu þ.e. að 4. gr. laga 76/1976, hafi staðið í vegi fyrir því að veiðiréttur gæti fylgt útskiptri landspildu stefnenda. Var niðurstaða matsnefndarinnar í þá veru að landareign stefnenda fylgdi ekki veiðiréttur í Blöndu því efnislega rétt.

Að fenginni þeirri niðurstöðu að veiðiréttur hafi ekki fylgt landspildu stefnenda braut matsnefndin ekki á stjórnarskrárvörðum eignarrétti þeirra því sá réttur var ekki til staðar.

Stefnendur byggja á því að matsnefndina hafi skort valdheimildir til að fara gegn fyrri úrskurði landbúnaðarráðherra frá 2001, úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta frá 2002 og yfirmati um arðskrá réttargæslustefnda frá 2005 en í þessum úrskurðum og yfirmati hafi því verið slegið föstu að stefnendur ættu veiðirétt fyrir landi sínu.

Hlutverk matsnefndarinnar var að gera nýja arðskrá fyrir veiðifélagið og sýna þar hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skyldi í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklinga er veiðirétt eiga í vatni á félagssvæðinu. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að stefnendur ættu ekki veiðirétt og úthlutaði þeim því ekki einingum. Nefndin var við ákvörðun sína ekki bundin af fyrra yfirmati frá 2005 enda henni ætlað að gera nýja arðskrá. Þá var nefndin heldur ekki bundin af úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta sem tók ekki nokkra afstöðu til veiðiréttar í úrskurði sínum. Úrskurður ráðherra, þar sem hafnað var innlausn á útskiptu landi Geitaskarðs en innlausn á sameignarlandi utan útskipta hlutans, íbúðarhúsi og útihúsum var heimiluð, tók enga afstöðu til veiðiréttinda í Blöndu. Í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta voru eignir sem ráðherra hafði heimilað innlausn á metnar til verðs og veiðiréttur í Blöndu og Svartá því ekki metinn til verðs. Nefndin þar vék raunar sérstaklega að því að heimiluð innlausn taki ekki til veiðiréttinda í Blöndu og Svartá. Að mati dómsins verður þessi afstaða nefndarinnar ekki skilin á annan veg en þann sem þar segir þ.e. að nefndin meti veiðiréttindin ekki sökum þess að heimild til innlausnar hafi ekki tekið til þeirra réttinda.

Verður því ekki séð að úrskurðir þessir og yfirmat hafi bundið hendur matsnefndarinnar þannig að henni bæri að úthluta einingum til stefnenda vegna Þorbrandsstaða líkt og stefnendur byggja á. Hvort stefnendur eigi enn fjórðungs hlut í veiðirétti Geitaskarðs þar sem sá hluti hafi ekki verið tekinn eignarnámi á sínum tíma er hins vegar ekki til úrlausnar hér.

Dómurinn fellst ekki á með stefnendum að úrskurður matsnefndarinnar sé haldinn verulegum göllum. Þannig skiptir hér ekki máli hvort ágreiningur sé um landamerki jarðanna enda öllum veiðirétti úthlutað til Geitaskarðs. Ekki skiptir heldur máli hvort eigandi Geitaskarðs hafi með bindandi hætti samþykkt að Þorbrandsstaðir yrðu metnir sérstaklega við gerð eldri arðskrár enda slíkt samþykki að engu hafandi sbr. 4. gr. laga nr. 70/1976.

Eins og áður hefur ítrekað komið fram var landi stefnenda skipt út úr Geitaskarði 18. desember 1982 og gildir það tímamark varðandi það hvort veiðiréttur fylgdi eða mátti fylgja hinum útskipta hluta. Áður hefur því verið slegið föstu að samkvæmt þágildandi 4. gr. laga um lax- og silungsveiði gat veiðiréttur ekki fylgt með. Af þessum sökum geta

málsástæður stefnenda sem miða við síðara tímamark ekki skipt máli varðandi úrlausn málsins. Er hér um að ræða vísan stefnenda til þess að hlunnindi fylgi jörð, að Þorbrandsstaðir sé fasteign að þar hafi á undanförunum árum verið stundaður landbúnaður, að nú sé ekki stundaður landbúnaður á Geitaskarði og að þeir hafi haft réttmætar væntingar til þess að þeir eigi veiðirétt fyrir landi sínu.

Samkvæmt framanrituðu er stefndi sýknaður af kröfum stefnenda.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins eru stefnendum sameiginlega gert að greiða stefnda og réttargæslustefnda málskostnað sem þykir, að teknu tilliti til umfangs málsins og tímaskýrslu lögmanns stefnanda og virðisaukaskatts, hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur en Guðjón Ármannsson lögmaður fyrir stefnda.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Ágúst Sigurðsson, er sýkn af kröfum stefnenda.

Stefnendur, Magnús Björn Brynjólfsson, Þorbjörn Brynjólfsson, Jón Brynjólfsson, Guðmundur Brynjólfsson og Svava Þorsteinsdóttir, greiði stefnda sameiginlega 1.116.000 krónur í málskostnað. Stefnendur greiði réttargæslustefnda sameiginlega 124.000 krónur í málskostnað.

Halldór Halldórsson